

167. fundur Héraðsráðs haldinn að Borg í Grímsnesi.

Dags: 4. ágúst 2010, kl. 9.

Mætt: Gunnar Þorgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Ari Thorarensen.

Fundargerð ritaði Aldís Hafsteinsdóttir í tölvu.

Gengið til dagskrár:

1. Skipun fulltrúa í starfsnefndir.

Héraðsráð skipar eftirtalda fulltrúa Héraðsnefndar Árnassýslu í starfsnefndir skv. ákvörðun 52. fundar Héraðsnefndar sem haldinn var á Selfossi þann 20. júlí 2010.

Allsherjarnefnd

Ragnheiður Hergeirsdóttir, formaður
Gunnar Örn Marteinson
Stefán Jónsson
Helgi S. Haraldsson
Þórdís Eygló Sigurðardóttir

Fjárhagsnefnd

Sandra Dís Hafþórsdóttir, formaður
Aðalsteinn Sveinsson
Guðmundur Þór Guðjónsson
Sveinn Steinarsson
Eypór H. Ólafsson

Mennta- og menningarmálanefnd

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, formaður
Drífa Kristjánsdóttir
Ragnar Magnússon
Elfa Dögg Þórðardóttir
Eggert Valur Guðmundsson

2. Tilflutningur málefna fatlaðra til sveitarfélaganna.

Í ljósi umræða á fundi Héraðsnefndar hefur verið ákveðið að halda kynningarfund um stöðu mála varðandi yfirfærslu málefna fatlaðra á Suðurlandi í samvinnu við SASS. Fundurinn verður haldinn að Hótel Selfossi, föstudaginn 13. ágúst kl. 13:30. Héraðsráð leggur áherslu á góða mætingu sveitarstjórnarmanna á fundinn en sérstaklega er vænst þátttöku nýrra fulltrúa í sveitarstjórnnum.

3. Málafni Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Rætt um stöðu mála varðandi Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Héraðsráð telur mikilvægt að sveitarstjórnir standi vörð um hið góða starf sem þar fer fram og fylgist grannt með þróun næstu missera.

4. Erindisbréf stjórnna Héraðsnefndar.

Erindisbréf stjórnna Héraðsnefnda lögð fram. Erindisbréfin voru unnin árið 2006. Héraðsráð telur rétt að nýjum stjórnarmönnum verði send erindisbréfin um leið og tilkynnt er um tilnefningu þeirra í viðkomandi stjórnir. Ennfremur telur héraðsráð rétt að nýjar stjórnir yfirfari erindisbréfin og geri tillögur að breytingum til héraðsráðs sé talin þörf á slíku.

5. Málafni viðbyggingar við Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Fram kom að samningur um viðbygginguna bíður nú undirritunar þegar aðilar í ráðuneyti og sveitarstjórnnum skila sér til starfa að loknum sumarleyfum. Héraðsráð fagnar því að nú skuli hylla undir farsæla lendingu í þessu mikla baráttumáli og hvetur til þess að framkvæmdir við viðbyggingu hefjist sem allra fyrst.

6. Önnur mál.

- Rætt um heimasíðu Héraðsnefndar. Formanni falið að ræða við ritara nefndarinnar um núverandi fyrirkomulag og kynna fyrir héraðsráði tillögur sem leitt geta til betra upplýsingaflæðis frá nefndinni.
- Rætt um þjónustusamninga stofnana Héraðsnefndar við bæjarfélög. Ákveðið að héraðsráð skoði samningana á næsta fundi ráðsins.
- Ákveðið að stefna að haustfundi Héraðsnefndar föstudaginn 5. nóvember að Borg í Grímsnesi.
- Næsti fundur héraðsráðs ákveðinn þann 7. september kl.9, í Hveragerði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30

Gunnar Þorgeirsson

Aldís Hafsteinsdóttir

Ari Thorarensen